



Til: - sérsambanda ÍSí
- íþróttahéraða ÍSí
- íþrótt- og ungmennnafélaga og deilda þeirra

Reykjavík, 3. júlí 2019

Efni: Samþykktir 74. Íþróttabings ÍSí

Kæru félagar!

74. Íþróttabing ÍSí fór fram í Reykjavík í maí sl. Á þinginu voru samþykktar ýmsar áskoranir til íþróttahreyfingarinnar er varða hagsmunamál í hreyfingunni sem og samfélagsleg mál. Á eftirfarandi vefslóð má finna allar samþykktir þingsins og hvetjum við ykkur til að skoða þær, ykkur til fróðleiks:

<http://www.isi.is/library/Skrar/Efnisveita/ithrottathing/2019/Samþykktir%20Íþróttabings%20ÍSí%202019.pdf>

Samantektin fylgir einnig hér með sem viðhengi.

Við vekjum sérstaka athygli á eftirfarandi þingskjölum en innihald þeirra beinist að allri íþróttahreyfingunni:

- Þingskjal nr. 6 – Stefna ÍSí um þjálfaramenntun
- Þingskjal nr. 7 – Áskorun um jafnréttismál
- Þingskjal nr. 8 – Áskorun um baráttu gegn öllu ofbeldi
- Þingskjal nr. 9 – Áskorun gegn rafrettum
- Þingskjal nr. 10 – Áskorun gegn hagræðingu úrslita og lyfjamisnotkun í íþróttum
- Þingskjali nr. 21 – Afreksstefna ÍSí

Eins vekjum við athygli á að gerðar voru nokkrar breytingar á lögum ÍSí, sem tíundaðar eru í meðfylgjandi samantekt yfir samþykktir þingsins. Má þar helst nefna nýtt ákvæði, grein 1.7 er varðar veðmál í íþróttum og hefur áhrif á alla íþróttahreyfinguna. Greinin hljóðar svo:

„1.7 Aðilar sem falla undir lög þessi skulu setja sér reglur sem leggja bann við veðmálum þeirra sem taka þátt í leikjum, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki eða eigin mót. Þá skulu reglurnar leggja bann við því að heimilt sé að veita upplýsingar um íþróttir í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinning.“

Við vonum að þið gefið ykkur góðan tíma til að skoða niðurstöður og samþykktir þingsins og bregðast við þeim tilmælum og áskorunum sem íþróttahreyfingin í heild sinni samþykkti þar. Samtaka getum við gert okkar frábæru hreyfingu enn betri og barist af alefli gegn öllu óæskilegu og ólöglegu.

Ef spurningar vakna, þá endilega hafið samband við skrifstofu ÍSí.

**Með íþróttakveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Láraus L. Blöndal
forseti

Liney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri

